

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Kelduhverfi (Innra Lóni)



Dags eftirlits	19.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Lóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Linda Björk Níelsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var skilað 6. maí inn til Umhverfis- og orkustofnunar. 2) Umhverfisupplýsingar voru ekki með fullnægjandi upplýsingum. 3) Árekstrarvörn vantaði við olúgeyma. 4) Það vantar lekabyttur undir sápu og sótthreinsibrúsa sem standa við fiskeldiskerin. 5) Froða, set og fóðurleyfar voru í viðtaka. 6) Útstreymisbókhaldið var með ófullnægjandi upplýsingum.

Eldri frávik.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlit fór fram: 1) Enn er töluvert af búnaði og rusli tengdu aflögðu kvíaeldi í Lóninu til staðar. Fjarlægja þarf búnaðinn og koma í viðeigandi geymslu eða förgun. 2) Vöktunarskýrsla fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila og er frávikið ennþá opið.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnaefirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða hf., Kelduhverfi, áður Rifós hf. Stöðin hefur leyfi fyrir eldi á allt að 1.000 tonnum af laxi og bleikju í sjókvíum í Innra-Lóninu en einnig er heimilt að reka á staðnum seiðaelði og sláturhús til eigin nota. Stöðin stendur við Lón í Kelduhverfi.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Nýtingarleyfi og borholur
- Fylgiskjöl

1. Þrjú frávik komu fram við eftirlit árið 2024: 1) Enn er töluvert af búnaði og rusli tengdu aflögðu kvíaeldi í Lóninu til staðar, við geymslusvæði suðaustur af Lóninu og í kringum skemmu. Fjarlægja þarf búnaðinn og koma í viðeigandi geymslu eða förgun. Frávik er ennþá opið. 2) Breytingar hafa verið gerðar á rekstri stöðvarinnar sem valda því að eldri vöktunaráætlun gefur ekki rétta mynd af vöktunarpörf umhverfisins. Uppfæra þarf vöktunaráætlun og senda til eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili hefur móttengið og samþykkt nýja vöktunaráætlun og er því frávikin lokað. 3) Vöktunarskýrsla fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila og er frávikið ennþá opið.

2. Áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnaefirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið. Ársyfirlit vegna ársins 2024 barst eftirlitsaðila 6. maí sl. en frestur til að skila því rann út 1. maí sl. og er því um frávik að ræða. Umhverfisupplýsingum var skilað inn 30. apríl sl. en með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 3. júní og er því frávikin lokað. Útstreymisbókhaldinu var skilað fyrir 1. maí sl. en með ófullnægjandi upplýsingum og er það því frávik. Fullnægjandi skil bárust 6. júní sl og er því frávikin lokað. Framleiðsla fyrir árið 2024 var 373 tonn af laxi og er það innan marka. Rekstraraðili var minntur á að sækja um nýtt starfsleyfi tímanlega, það rennur út árið 2027.

4. Fosfórslosunin fyrir árið 2024 reiknast 8,8 kg P/tonn og er innan marka starfsleyfis. Rekstraraðili var minntur a

að taka sýni úr innrennsli og frárennsli í hámarks og lágmarkssýnatöku.

5. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar tímabundinnar og varanlegrar er til staðar og áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs. Einnig eru allar áætlanir nýlega uppfærðar. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

6. Stöðin lítur vel út að innan. Bæta þarf umgengni á svæðinu, töluvert af brettum eru fyrir aftan hús sem mætti farga. Fóðurleyfar og froða voru í frárennslinu og í viðtaka og er það frávik. Rekstraraðili er að vinna í því að setja upp nýjan hreinsibúnað. Árekstrarvörn vantar við olíugeyminn og er það því frávik.

7. Efni eru geymd í lekabyttu og öryggisblöð eru aðgengileg. En við hvert fiskeldisker þá er 20l sápubrúsi og 20l sótthreinsibrúsi án lekabyttu og er það því frávik.

8. Gengið var um svæðið og borholur skoðaðar.

9. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.2 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit barst eftirlitsaðila 6. maí sl. og telst því frávikin lokað.
gr. 3.3 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Upplýsingarnar í grænu bókhaldi voru ekki fullnægjandi. Grænu bókhaldi var skilað inn 3. júní sl. með fullnægjandi upplýsingum og er því frávikin lokað.
gr. 2.15 í starfsleyfi.	Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Brúsar voru geymdir án lekabytta við fiskeldiskerin.
gr. 2.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi.	Skv. 41. gr. í reglugerðinni 884/2017 þurfa mengunarvarnir vera að tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.
gr. 2.9 í starfsleyfi.	Við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka má ekki vera set, froða eða aðrir aðskotahlutir. Froða, set og fóðurleyfar voru í viðtaka.
samkv. reglugerð nr 990. viðauki I, 7 b	Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila inn útstreymisbókhaldi. Bókhaldinu var skilað inn fyrir 1. maí sl. en með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 6. júní sl. og er því frávikin lokað.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu. 1) Taka skal sýni úr innrennsli og frárennsli í hámarks og lágmarkssýnatöku. 2) Rekstraraðili var minntur á að sækja um nýtt starfsleyfi tímalega, það rennur út árið 2027.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.06.2025

Auður Eyberg Helgadóttir